

úti á víðavangi, þá voru þau þó ekki mannaþýli og ekki hinn tilætlaði áfangastaður.

Þegar svo þar við bættist, að illviðri var, hríðar og stormur eða loðmollufjúk og þoka, þá var gott að vera vegvís. En þó var ekki mesta hættan innifalin í því, að þurfa að ferðast yfir heiðina með brunahraunið á aðra hönd en gljúfrin á hina, eða yfir mýrarnar þar sem tjarnirnar og mógrafirnar voru eins þéttsettar og kýli á bóluveikum sjúklingi, og ekki heldur í því, að vera á ferð í hríð eða þoku og fjúki, heldur var hún aðallega í því fólgin, að á þessum stöðvum höfðu vanalega verur nokkrar bólfesti, sem kallaðar voru ÚTBURÐIR.

Uppruna þeirra var þannig háttað, að þetta voru börn, sem getin voru í meinum, og foreldrin höfðu annaðhvort til að firra sig vanvirðu eða þá til að losa sig við ómegð fleygt þeim í bruna hraunið, sem enginn gat komis yfir, eða ofan í gljúfrin, er enginn reyndi að klifra niður í, eða þá í tjarnirnar og mógrafirnar, sem æfinlega voru fullar af vatni, for og slími. Þessi börn dóu auðvitað, en einhver óhreinn andi tók sér bústað í líkōmunum og hélt svo til á þeim stöðvum, þar sem barnið var borið út. Það var ekki sjáanlegur neinn tilgangur tilveru þessara anda annar en sá, að villa ferðamanninn. Þeir voru aldrei á kreiki, nema þegar vont veður var. Undir eins og fór að syrti í lofti, þá byrjuðu þeir að væla, og væl þeirra voru framúrskarandi leiðinleg, svo að útburðarvæli hefir ætíð verið viðbrugðið. Og eftir því sem illviðrissortinn óx og færðist yfir loftið, eftir því vældu þeir herra og leiðinlegar. Þeir hoppuðu á öðru hnénu og öðrum olnboganum og krosslögðu framan á sér aðra löppina og annan handlegginn. Þannig hoppuðu þeir á veginum fyrir framan ferðamanninn til þess ef ske kynni að hann hörfaði aftur á bak, eða þeir voru á hlið við hann, svo hann skyldi hröklast út af veginum og tapa stefnunni, en sérstakar tilraunir gjörðu þeir til þess að komast í kring um ferðamanninn, og ef þeim tókst það einu sinni, þá varð maðurinn villtur, en ef þeim tókst það þrisvar sinnum, þá varð hann vitlaus, og urðu þá oftast þær afleiðingar, að hann fannst, þegar hríðinni létti, lærbrotinn eða handleggsbrotinn úti í hrauninu eða niðri í gljúfrunum eða þá drukknadur í tjörnunum eða mógröfunum. En það var einkenni